

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1978:

Óverkaður saltfiskur.

Stórfiskur nr. 1	kr. 510.00
Millifiskur nr. 1	— 479.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 408.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 377.00

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verði 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Söltuð ufsaflök.

15/20 FF	kr. 538.00
15/20 AB	— 467.00
21/25 FF	— 522.00
21/25 AB	— 452.00
26/30 FF	— 508.00
26/30 AB	— 437.00
31/35 FF	— 492.00
31/35 AB	— 421.00
36/40 FF	— 476.00
36/40 AB	— 406.00

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 4%, er miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. febrúar 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um bann við þorskveiðum með flotvörpu fyrir Suður- og Vesturlandi.

1. gr.

Frá 1. mars til 31. maí 1978, eru þorskveiðar með flotvörpu bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi á svæði, sem að austan takmarkast af línu, sem dregin er í réttvísandi austur frá Stokksnesi, og vestur um að línu, sem dregin er í réttvísandi vestur frá Bjargtöngum.